



### **Áskorun á ríkisstjórn Íslands að hætta við fyrirhugaðar verðbreytingar í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2014**

Samninganefnd Samiðnar lýsir yfir vonbrigðum með afstöðu fjármálaráðherra við óskum stéttarfélaganna, um að ríkið dragi til baka fyrirhugaðar verðbreytingar sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu en þar er gert ráð fyrir 3% verðlagshækkunum. Það má öllum vera ljóst að ef ríkisstjórnin ætlar að ganga fram með verðlagshækkanir sem óhjákvæmilega valda aukinni verðbólgu, munu fleiri fylgja í kjölfarið og hækka vöru og þjónustu. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að láta fyrirhugaðar verðbreytingar koma til framkvæmda er yfirlýsing um að hún hafi ekki trú á einu brýnasta baráttumáli íslenskra stéttarféлага, að ná niður verðbólgu og skapa efnahagslegan stöðugleika.

Samninganefndin skorar á ríkisstjórn Íslands að koma í kjölfar Reykjavíkurborgar og draga til baka verðbreytingar sem fyrirhugaðar eru í fjárlagafrumvarpinu og lýsa nú þegar yfir að engar breytingar verði á þjónustugjöldum til hækkunar hjá ríkiunnu á næsta ári .

### **Áskorun til sveitarféлага um aðhald í verðlagshækkunum**

Samninganefnd Samiðnar fagnar ákvörðun Reykjavíkurborgar, eftir viðræður við stéttarfélagin í Reykjavík, að hætta við gjaldskrárhækkanir og stíga þannig með ábyrgum hætti inn í kjarasamningsgerðina.

Samninganefndin skorar á önnur sveitarfélög landsins að gera það sama og mynda samstöðu með stéttarfélagum um land allt í baráttunni gegn verðbólgu og efnahagslegum óstöðugleika. Íslensk sveitarfélög er mjög skuldsett og stór hluti skuldanna er verðtryggðar og því hefur verðbólga mikil áhrif á afkomu þeirra. Það má því öllum vera ljóst að það er mikið hagsmunamál sveitarfélaganna að ná niður verðbólgu en það mun reynast mjög erfitt ætli þau að spila frítt í þessu mikla hagsmunamáli þjóðarinnar.

Samiðn beinir því til aðildarféлага sinna að taka upp viðræður við sveitastjórnir í sínum sveitarfélögum og tryggja aðkomu þeirra að einu mikilvægasta hagsmunamáli íslenskra heimila með því að mynda órofa keðju um allt land gegn þessum forna fjanda verbólgunni .